Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 8


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Páll Einarsson

settur bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt að bæjarstjórnin hefir beiðst þess, að 2 hæfir menn og óvilhallir verði kvaddir til að meta endurgjald úr bæjarsjóði fyrir lóðir er fara undir breikkun og framlenginguna Vonarstrætis.

Fyrir því eru hérmeð trjesmiðirnir

Hjörtur Hjartarson og

Sigvaldi Bjarnason

sem hæfir menn og óvilhallir skipaðir til að framkvæma ofangreint mat. Skulu þeir kalla til lóðareiganda og formann veganefndar til að vera viðstadda matið. Matsgjörðina skulu þeir semja skriflega; skulu þeir leysa matið af hendi eftir beztu þekkingu og vitund og staðfesta með eiði ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík, 19. maí 1906

Páll Einarsson
settur

CIVITATIS REIKIAVICAE

Gjald 60 -
sextíu aurar
borg.
P. E.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt framanritaðri útnefningu, höfum við undirskrifaðir skoðað og metið lóðir þær sem bæjarstjórnin hefur ákveðið að taka lögnámi undir framlengingu og breikkun á Vonarstræti, og álítum við þær hæfilega metnar eins og hjer segir.

x 1. hjá Geir Zoëga kaupmanni 543 fer. ál. á 3/50

2. hjá Gísla Þorkelssyni óvissar fer. ál. á 2/25

3. hjá Halldóri Jónssyni bankagjaldk. hver fer. al. á 2/25

Reykjavík 29 maí 1906.

Hjörtur Hjartarson Sigvaldi Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr afsals- og veðmálabók Reykjavíkur. Litra G. bls. 303.

№ 298.

---

Bæjarfógetinn og uppboðshaldarinn í Reykjavíkur-kaupstað kunngjörir, að á 1859, föstudaginn hinn 27. Maí var á opinberu uppboðsþingi, samkvæmt ályktun Reykjavíkur bæjarstjórnar, samþykktri með bréfi dómsmálastjórnarinnar frá 26. febr. 1859. og bréfi stiptamtmannsins yfir Íslandi frá 14. maí 1859, boðinn upp til sölu móti ævarandi árgjaldi hinn svokallaði útnorðurvöllur (nyrðri völlurinn fyrir neðan Skálholtskotsgötuna) með þessum takmörkum, að norðan, norðaustan og austan: gatan frá Skólakots-brunni austur með Skólakotsgarðinum og suður að Skálholtskoti; að vestan: sjórinn og lækurinn að brúnni; að sunnan: lína frá landnorðurhorni vesturkálgarðsins (Jóns Arasonar) í Skálholtskoti niður með norðurhlið hans, beint ofan í sjóinn í stefnu á austurenda túngarðsins, fyrir neðan Melkot, og að öðru leyti með þeim skilmálum:

a. Að Reykjavíkurbæ áskilst forkaupsréttur að eigninni í hvert sinn er eigandi hennar kynni að vilja selja hana öðrum,

b. að ef það skyldi verða á fyrir Reykjavíkurbæ að láta útvísa byggingarstæði á hinum umrædda velli, skal eigandi hans sleppa því sem til þess þarf af honum, móti afslætti í árs-gjaldinu, eptir óvilhallra manna mati,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en að bygginganefnd kaupstaðarins skuli skera úr því, hvort þörf sje á slíkri útvísun, og hvað mikinn hluta skuli taka af völlunum í hvert skipti.

c. Að ársgjaldið greiðist til bæjarsjóðs innan útgöngu ársins, fyrir ár hvert, í fyrsta sinn fyrir árið 1859, að Reykjavíkurbær eigi sama rjett til áfallinnar leigu eða ársgjalda, eins og jarðeigandi á að lögum til afgjalds af jörðu, að ársgjaldið hvíli á túninu sem stöðug eignarbyrði, og að ef eigandinn einhvert sinn ekki hefur greitt ársgjaldið innan fardagamánaðarloka, fyrir hið umliðna ár, fellur völlurinn tilbaka til Reykjavíkurkaupstaðar, án þess að kaupandinn hafi neitt tilkall til verðs hans.

d. Að göturnar frá Skálholtskoti og Stöðlakoti ofan í kaupstaðinn, svo og gangstígur að lindinni megi eigi takast af.

Og varð prentari Einar Þórðarson hæstbjóðandi að eigninni með 74 álnum, og var honum gefið hamarshögg.

Þar eð nú stiptamtið síðar, með brjefi 9. júlí 1859 hefir samþykkt ofannefnt boð, þá hef jeg samkvæmt 17. grein í tilskipun frá 19. Decbr. 1693 og konungsbrjef. 10. Apríl 1753, selt og afhent, eins og og með þessu uppboðsafsalsbrjefi mínu, í embættisnafni, sel og afhendi frá Reykjavíkurkaupstað áðurnefndan túnvöll, kallaðan Útnorðurvöll, prentara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einari Þórðarsyni til fullkominnar eignar og umráða, með öllum rjettindum og heimild sem Kaupstaðurinn átti hana og notaði, gegn ofannefndu ævarandi árgjaldi til Reykjavíkur bæjarsjóðs, 74 álnir sem borgast í peningum eptir hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir á gjalddaga, nefnilega við útgöngu hvers árs, og að öðru leyti eptir skilmálum þeim, sem að ofan eru greindir.

Uppboðs- og afsalsbrjef þetta til staðfestu er nafn mitt og innsigli Reykjavíkurbæjar.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík 11. ágúst 1860.

V. Finsen.

(L. S.)

Borgun 1 eins - rdl.

V. F.

Þinglýst á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar, fimmtudaginn 22. febr. 1877 og ritað í afsals- og veðmálabók Kaupstaðarins Litr. B. No 298. bls. 303-304.

Skrifst. ut.

Borgun:

þingl. 2 kr.
Bókun 0.25
1/2 % gjald 5.27
7.52 (sjö krónur 52 aurar)

Rjettan útskript staðfestir.

Gjald: 0.50 - fimmtíu au.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Reykjavík 18. maí 1901.

Í brjefi dagsettu 11. þ. m. hafið þjer herra dósent bjóð bæjarstjórninni að þjer að þegnum forkaupsrjetti hennar hafið selt snikkurunum Eyvindi Árnasyni og Jóni Jónssyni 27 ál. breiða spildu meðfram Laufásvegi af erfðafestulandi yðar. Útnorðurvelli frá húslóð Eyvindar norður að Bókhlöðustíg og jafnframt beðist yfirlýsingar bæjarstjórnarinnar um hvort hún vilji nota forkaupsrjettinn.

Bæjarstjórnin hefur falið mjer að svara þessari fyrirspurn yðar á þá leið, að hún án þess að nota forkaupsrjett bæjarins, samþykkir söluna á áðurgreindri lóðarspildu að undanskildri rönd meðfram Bókhlöðustíg að sunnan fyrir norðan línu, sem dregin væri eptir stefnunni á norðurgafli hús yðar. Ætlar bæjarstjórnin að nota þessa rönd til að breikka Bókhlöðustíg og telur að bærinn eigi rjett á að fá hana endurgjaldslaust til þessara nota sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

konunl erfdafestubrjefi ydar sbr. við bœjarstjórnarsamþykkt 15. janúar 1885.–
Halldór Daníelsson

Til
herra docent Eiriks Briem.–

Rjett eptirrit staðfestir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík.

Reykjavík 9 júlí 1906

Hr. Jóhannes Zoëga lætur 100 □ áln. lóð undir Ægisgötu, en fær 428 □ áln fyrir vestan sig. Mismuninn 328 ferálnir á hann að borga bæjarsjóði með 50 aur. hverja feralin.

Hr. Einar Jónsson lætur 108 □ áln lóð undir Ægisgötu, en fær 420 □ áln fyrir vestan sig. Mismuninn 312 □ áln á hann að borga bæjarsjóði með 50 aur. hverja feralin.

K. Zimsen.

Til

formanns bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/8

BÆJARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 14. ágúst 1906.

Torfi Þórðarson, Hlíðarhúsum hefur látið lóð undir Ægisgötu 175. feráln.
og undir Nýlendugötu 345 — — ,
alls 520 ferálnir.

Aptur hefur hann fengið hjá bænum:
Horn við bæ Guðjóns Þórðarsonar 110 ferálnir
— — Ægisgötu 50 —
Traðir við bæ hans að vestan 115 —
alls 275 ferálnir.

Lóð sú, sem Torfi á að fá borgaða hjá bænum er 520 ÷ 275 =
245 ferálnir að stærð

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Öll lóð Jóns Eyvindssonar á Hlíðarhúsa-
bletti N. 3 austanvert við Stýrimannastíg
er

7279 ferálnir.

Til breikkunar Stýrimannastígs fara:

| | |
|---|---|
| | 704 ferálnir |
| Til götu syðst í lóðinni | 957 — " — |
| Til götu norðantil á lóðinni | 800 — " — |
| Alls til gatna | 2461 ferálnir |

Eptir verða

4818 ferálnir,

sem breytast í byggingarlóðir.

397.17

Reykjavík 12. febrúar 1906.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 Að „Völundur“ kaupi alla lóðina, að undanskyldum vegarstæðum og strandlengjunni, með öllum sömu rjettindum og skyldum, sem Bæjarstjórnin hefur keypt hana af Landsjóði.

+2 „Völundur“ borgar fyrstu afborgun í Landsjóð til Bæjarstjórnarinnar, um leið og samningurinn er undirskrifaður, en afganginn á 10 árum, með 12 [illegible] manna ábyrgð. er [illegible]

+3 „Völundur“ annast um flutning á kolunum úr vegarstæðunum, [illegible] en Bæjarstjórnin leggur báða vegina. Efri veginn frá Klapparstíg austur á næstu þvergötu, og fremri veginn frá Klapparstíg, svo langt austur sem land leyfir, án uppfyllingar í fjörunni, fjelaginu að kostnaðarlausu, strags og kolunum er rýmt burtu.

4 „Völundur“ hefur heimild til að nota strandlengjuna og fjöruna fram undan lóðinni, og gjöra þar lendingarstað og önnur mannvirki sem með þarf til uppskipunar.

+5 Bærinn skuldbindur sig til að borga „Völundi“ eftir [illegible] óvilhallra manna mati, öll þau mannvirki er hann lætur gjöra við sjóinn, að svo miklu leiti sem bærinn [illegible] getur notað þau, þegar hann tekur ströndina til almennings afnota.

Vextir 237.35

5933

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/9

BÆJARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 8. september 1906.

Lóð sú, er síra Ingvari Nikulás-
syni var seld fyrir ofan lóðina Nr. 48
við Laugaveg er 275 ferálnir að stærð.

KZimsen.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breyting á erfðafestuskilmálum 7/1 1903.
— „ — á erfðafestul. á bygg. lóðum 17/11 1904

# Matsgjörðir

á Fríkirkjulóðinni. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirr. skr. 26/4. 1852

~~Justits~~ Dto 26/2. 1859 (NB: um austur-bæjarhúsin; NB: upp-boðsgjaldin).

Justitsins. skr. 11/7. 1862 (Mel-kot).

— „ — 15/8. 1868. —

— „ — 15/4. 1869. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóðin sem fríkirkjusöfnuðinum fer hjá dr. Jónassen er 626¼ □ al. að stærð

Reykjavík 1. maí 1905.

Guðmundur Jakobsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fyrir bæjarstjórnina (sjá fund 15/1 1885)

5/1 85

Öllum undirskrifendum svarað 6/7 1885
E Th Jónassen

Eins og hinni heiðruðu bæjarstjórn er kunnugt, eru tún þau, sem vjer undirskrifaðir höfum keypt af bænum til erfðafestu, seld oss með þeim skildaga, að vjer sem eigendur skyldum skyldir til, ef bæjarstjórnin skyldi telja þörf á því fyrir Reykjavíkurbæ, að láta útvísa lóðir undir byggingar í túninu, þá að sleppa lóðunum móti linun í afgjaldinu að tiltölu eptir flatarmáli.

Oss virðist þessi skildagi bæði mjög ósanngjarn og óhagkvæmur og skulum vjer leyfa oss að færa rök að því. Afleiðingin af þessum skildaga verður annaðhvort sú, að eigendurnir annaðhvort ekkert gjöra til umbóta túnum sínum, eða ef þeir gjöra eitthvað í því efni, verða þeir að bíða mikinn halla, er þeir við afhending túnsins ekkert fá fyrir þann kostnað, sem þeir kunna að hafa lagt fram til að bæta túnið, enda sjáum vjer eigi næga ástæðu til þess, að eignarrjettur vor skuli þannig skertur.

Vjer undirskrifaðir túneigendur leyfum oss því, að beiðast þess, að hin heiðraða bæjarstjórn Reykjavíkur vilji afnema

Bj. 98/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og úr gildi fella þennan skildaga fyrir túnum vorum og láta oss fá fullan eignarrétt túnanna eins og hver lóðareigandi hér í bænum hefur fyrir annari lóð sinni, þannig, að bæjarstjórnin geti ekki fremur útvísað hússtæði á túnum vorum heldur en á öðrum útvísuðum lóðum, nema með fullu samþykki voru og eptir samkomulagi við oss um kaupverð lóðarinnar.

Reykjavík 30. c. december 1887

Með virðingu

Jón Árnason Jón Árnason Jacob Sveinsson

M. Johannessen
for Krist. Arasen
T Zoëga
Jóh. Olsen
Hallgrímur Sveinsson
D. Bernhöft

P. O. Gíslason
Kristín Bjarnadóttir
N. Zimsen
Guðrún Halldórsdóttir
Einar Þórðarson

Einar Jónsson
O Finnsen
G Lambertsen

Til

Bæjarstjórnarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit.

Bæjarfógetinn og Uppboðshaldarinn
í Reykjavíkur Kaupstað
kunngjörir: að ár 1859, föstudaginn hinn 27da Mai var á opinberu uppboðsþingi, samkvæmt ályktun Reykjavíkur bæjarstjórnar, samþykkti með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 26. Febr. 1859, og brjefi Stiptamtmannsins yfir Islandi, frá 14 Mai 1859, boðinn upp til sölu, móti ævarandi ársgjaldi, hinn svokallaði Útsuðursvöllur (: syðri völlurinn fyrir neðan Skálholtskots-götuna) með þessum takmörkum: að norðan: lína frá landnorðurhorni vestur-Kálgarðsins (Jóns Arasonar) í Skálholtskoti, niðurmeð norðurhlið hans beint ofaní tjörn, í stefnu á austurenda túngarðsins, fyrir norðan Melkot; að vestan: tjörnin frá fyrgreindum takmörkum suður að Skálholtskots-túngarði; að sunnan: frá tjörninni upp með Skálholtskots túngarðinum upp að hliðinu, sem aðalgatan liggur um að Skálholtskoti; að austan: frá téðu hliði á túngarðinum norðurmeð götunni, að landnorðurshorni vestur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kálgarðinn (Jóns Ásmunds[?]) þó liggur lóðin kálgarðurinn innan þessara ummerkja ; í Skálholtskoti, og að öðru leyti með þeim skilmálum meðal annars:

a.) að Reykjavíkurbæ áskilst forkaupsréttur að eigninni, í hvert sinn er eigandi hennar kynni að vilja selja hana öðrum.

b.) að ef þörf skyldi verða á fyrir Reykjavíkurbæ, að láta útvísa byggingarstæði, í hinum ummældu velli, skal eigandi hans sleppa því, sem til þess þarf af honum, móti afslætti í ársgjaldinu, eptir óvilhallra manna mati, en að byggingarnefnd Kaupstaðarins skuli skéra úr því, hvort þörf sé á slíkri útvísun, og hvað miklum hluta skuli af vellinum taka, í hvert skipti.

c.) að ársgjaldið greiðist til bæjarsjóðs innan útgöngu ársins fyrir ár hvert, í fyrsta sinn fyrir árið 1859, að Reykjavíkurbær eigi sama rétt til áfallinnar leigu eða ársgjalds, einsog jarðareigandi á að lögum til afgjalds af jörðu, að ársgjaldið hvíli á túninu, sem stöðug eignarbyrði, og að ef eigandinn eitthvert sinn ekki hefur greitt ársgjaldið, innan Marzmánaðar loka, fellur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

völlunum tilbaka til Reykjavíkur kaupstaðar, án þess að kaupandinn hafi neitt tilkall til verðs hans.
Og varð yfirréttarmálaflutningsmaður J. Guðmundsson hæstbjóðandi í hann, með 50 álnum og var honum gefið hamarshögg.
Það nú Stiftamtið síðar, með bréfi 9 Júlí 1859, hefur samþykkt ofannefnt boð, þá hefi eg, samkvæmt 17du grein í tilskipun frá 19de Decemb. 1693 og Konungsbréfi 10 Ágúst 1753 selt og afhent einsog eg með þessu uppboðsafsalsbréfi mínu, í embættisnafni sel og afhendi frá Reykjavíkur kaupstað áðurnefndan Túnvöll, kallaðan Útsuðurvöll, yfirréttarmálaflutningsmanni Jóni Guðmundssyni, til fullkominnar eignar og umráða, með sömu réttindum og heimild, sem kaupstaðurinn átti hann og notaði, gegn ofannefndu ævarandi ársgjaldi, til Reykjavíkur bæjarsjóðs, 50 álnum, sem borgast í peningum, eptir hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða, sem gildir á gjalddaga, nefnilega með útgöngu hvers árs; og að öðru leyti eptir skilmálum þeim, sem að ofan voru greindir.
Uppboðsafsalsbréfi þessu til staðfestu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er nafn mitt og innsigli Reykjavíkur bæjar.

Skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, 11 Ágúst 1860

V. Finsen

L. S.

Borgun 1rd
einn rdl
V. F.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Samkvæmt útnefningu hr. bæjarfógeta Halldórs Daníelssonar í Rvík höfum við undirskrifaðir skoðað og metið til peningavirðingar lóð Sigurðar adjunkts Thoroddsens við Laufásveg hjer í bæ.

Stærðin á lóð þessari er 1405 ferál., öll umgirt og ræktuð. Virðum við hana á kr. 2107,00.

Reykjavík 6. maí 1905.

H. Hjartarson J. Sveinsson.

Rjett eptirrit staðfestir

Hannes Thorsteinson.

Nr. 4. Lagt fram á bæjarþ. Rvkur 7/10 1905

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson
bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Að bæjarstjórnin hefur beiðzt þess, að kvaddir verði 2 menn hæfir og óvilhallir til að framkvæma mat á lóðarræmum, er bæjarstjórnin hefur tekið lóðarnámi af lóð Þorleifs póstafgreiðslumanns Jónssonar til breikkunar Bókhlöðustíg og Laufásvegi og af lóð Halldórs trjesmiðs Sigurðssonar til breikkunar sama vegi.

Fyrir því eru hjermeð skipaðir þeir
Björn Guðmundsson, kaupmaður, og
Þorsteinn Tómasson, járnsmiður,
sem hæfir menn og óvilhallir, skipaðir til að framkvæma hið umbeðna mat. Skulu þeir leysa það af hendi skriflega, eptir beztu þekkingu og samvizku, að tilkvöddum lóðareigendum og formanni veganefndarinnar, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar. Matið skulu þeir staðfesta með eiði, ef krafizt verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 10. september 1906.

Halldór Daníelsson

Gjald: 60 - sextíu - aurar

BÆJARFÓGETINN I REYKJAVÍK

Skipunarbrjef
handa Birni Guðmundssyni kaupmanni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Þorsteini Tómassyni járnsmið til að
meta endurgjald fyrir lóðarræmur, er bæjar-
stjórn Reykjavíkur hefur tekið lóðarnámi
af Þorleifi Jónssyni, póstafgreiðslumanni,
og Halldóri Sigurðssyni, trjesmið, til breikk-
unar Bókhlöðustíg og Laufásvegar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt útnefningu herra bæjarfógeta H. Danielssonar í Reykjavík, höfum við undirskrifaðir skoðað og virt lóðarræmur þær, sem teknar hafa verið lóðarnámi til breikkunar Bókhlöðustíg og Laufásvegar, frá herra Þorleifi Jónssyni og Halldóri Sigurðssyni, og álítum við hverja □al. hæfilega metna hjá báðum lóðareigendum á Kr. 3,00.

Reykjavík 18. September 1906

Þ. Guðmundsson

Þorsteinn Tómásson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir lóðir, sem hafa verið útmældar fyrir 1. janúar 1903, en sem ekki var búið að reisa á hús 1. janúar 1905.

---

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Lóð við Framnesveg | útvísuð | 21/12 - '95 | Guðm. Kr. Ólafssyni. |
| 2. | - - Bræðraborgarstíg | -"- | 16/11 - '01 | Ásbirni Jónssyni. |
| 3. | - - Bergstaðastræti | -"- | 1/2 - '02 | Páli Guðmundssyni. |
| 4. | - - —"— | -"- | 1/6 - '02 | Birni Guðbrandssyni. |
| 5. | - - —"— | -"- | 4/8 - '02 | Hannesi Hannessyni. |
| 6. | - - Njálsgötu | -"- | 6/12 - '02 | Magnúsi Guðnasyni. |
| 7. | - - —"— | -"- | 6/12 - '02 | Jónasi Eyvindssyni. |

Á þessum lóðum öllum er ekki byrjað á húsbyggingu.

8. Lóð við Lindargötu útvísuð 4/10 - '02 Haraldi Möller.
Á þessari lóð var byggður kjallari fyrir meira en ári síðan, en ekkert frekara unnið að húsbyggingu.

9. Lóð við Hverfisgötu útvísuð 2/11 - '01 Stefáni Jónssyni.
Kjallarinn undir hús, sem reisa skal á þessari lóð er ófullgjör og er aðalorsökin til þess, að veðráttan hindraði verkið um langan tíma. Húsgrindin var altilbúin nokkru fyrir nýjár.

10. Lóð við Vitastíg útvísuð 2/3 - '01 Runólfi Guðmundssyni.
Einar Finnur Jónsson hefur eignast lóð þessa og ætlar að reisa á henni hús. Grindin var tilbúin fyrir nýjár, en kjallarinn ekki og var það mest veðráttunni að kenna.

Auk þessara lóða eru nokkrar lóðir, eldri en 2ára, óbygðar, en bæjarstjórnin hefir veitt byggingarfrest eigendum þeirra.

Reykjavík 18. janúar 1905.

K Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir, sem kvaddir höfum verðið með bréfi bæjarfógetans í Reykjavík ds. 22 f. m. til að virða til byggingarlóðar ca. 400 □ álnir af erfðafestu landi Sigurðar fangavarðar Jónssonar Neðraholtsbletti, höfum athugað vandlega nefnda lóð, og komist að þeirri niðurstöðu, er hér segir.

Lóðin er þríhyrna millum Skólavörðustígs og Óðinsgötu, og svo illa löguð, að naumast mun hægt að byggja á henni stærra hús en 12 X 12 álnir, og álítum við því hæfilegt að meta □ alinina upp og ofan á 1 – eina – krónu.

Reykjavík 2 nóvember 1906

Virðingarfyllst

Guðjón Guðmundsson
Sveinn Jónsson

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðað til byggingarn. 18/9

Frestað 6/10

Jeg undirskrifuð leyfi mjer hjermeð virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún selji mjer við sanngjörnu verði lóð þá, er liggur á að austan verðu við hús mitt nr. 28. í Vesturgötu.

Á útmælingunni er var meginhlutinn af lóð minni; – sá hluti hennar, er bar mjer tölumerðan varð –, tekinn undir Ægisgötu og gangstjett með fram henni. Eptir lóðarnám þetta fylgir nú húseigninni mjög lítil lóð, svo lítil, að mikil óþægindi eru að. Með tilliti til þess, vænti jeg að hin heiðraða bæjarstjórn líti svo sanngjörnum augum á ofangreinda beiðni mína, að hún selji mjer lóð þá, er jeg hef hjer að ofan beiðst eptir.

Ennfremur vil jeg mælast til þess við heiðraða bæjarstjórn, að hún láti mæla upp þann hluta lóðar minnar, er jeg á nú eptir, til þess að hafa sjeð ákveðna takmörk hennar, sem engin sjást nú. – Áður en lóðin var tekin undir Ægisgötu átti öll lóðin, sem fylgdi húseigninni, að vera 609 ferálnir, samkvæmt útmælingu frá 13. desbr. 1888.

604 al.

Reykjavík, Vesturgötu nr. 28.
16. september 1906.

Virðingarfyllst
Sigríður Þorkelsdóttir

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/11

Samkvæmt útnefningarbrjefi herra bæjarfógetans í Reykjavík Halldórs Daníelssonar, dagsett 30 október 1906. Um yfirmat á lóð, sem bæjarstjórn Reykjavíkur, varð að taka við vesturgötu 28 undir Ægisgötu, af eign ekkjufrú Sigríðar Þorkellsdóttir hjer í bænum. Höfum við undirritaðir yfirmatsmenn samkvæmt áðurnefndu brjefi boðað á fund með okkur á nefndan stað Vesturgötu 28 formann veganefndar og undirmatsmenn ásamt lóðareiganda, en þeir mættu ekki, að eins lóðareigandi. Eftir vandlega íhugun okkar allra yfirmatsmanna samanborið við sölu og virðingar á lóðum þar í kring, og með til liti til rýmum lóðarinnar. Þá álítum við að hver feralin í nefndri lóð sje hæfilega metin á 2 krónur

Reykjavík 3 nóvember 1906

Jóhannes Jósefsson Helgi Zoëga
Gunnl Pjetursson Ólafur Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 5. desember 1906. 8/12

Af lóð frú Sigríðar Þorkelsdóttir hefur verið tekið undir Ægisgötu

<u>262½ feralin</u>,

en hún hefur fengið aptur í skiptum hjá bænum

<u>120½ feralin</u>.

Lóð hennar, sem er talin við Vesturgötu Nr. 28 hefur þannig minnkað um 142 ferálnir við lóðaránamið og er nú <u>467 ferálnir</u> að stærð.

K. Zimsen.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Einarsson,

settur bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Að ~~(Þórarinn prestur Halldórsson)~~ bæjarstjórn Reykjavíkur hefur beiðst þess að 2. hæfir menn og óvilhallir verði kvaddir til að meta til peningaverðs 1000 ferálnir og 750 ferálnir af erfðafestulandi, ~~hans~~ séra Þórarins Halldórssonar Melkoti, hjer í bænum. Til þess eru útnefndir

Sigvaldi Bjarnason og
Björn Hjaltason (?)

sem hæfir menn og óvilhallir skipaðir til að meta umræddar lóðir. Þeir skulu kveðja eiganda lóðanna, og formann bæjarstjórnarinnar til að vera viðstadda, þegar matið fer fram. Matsgjörðina skulu þeir semja skriflega og vanda hana eptir bestu þekkingu og samvisku og staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 6. júlí 1916.

Páll Einarsson
settur

Gjald: 0.60
— sextíu aur.
Borgað.

SIGILLUM CIVITATIS REKIAVICAE

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt framanritaðri útnefningu höfum við undirskrifaðir skoðað og metið 1750 fer. álnir úr erfðafestulandi sjera Lárusar Halldórssonar Melstúnbletti hjer í bæ, og álítum hæfilega metna á 50/100 hverja fer. al. Alls kr. 875,00

Reykjavík 15 ágúst 1906.

Hjörtur Hjartarson

Sigvaldi Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 23. marz 1907.

Á fundi sínum í dag samþykkti veganefndin svohljóðandi ályktun:

Lagt til að leggja niður Pósthússtræti frá Lækjartorgi, en breikka götuna sem nú er frá Lækjartorgi upp í Lækjargötu.

Kristján Þorgrímsson var þessu ósamþykkur

Jón Þorláksson

Frg.
O.O.

Til

formanns bæjarstjórnarinnar í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vjer undirritaðir borgarar Reykjavíkurbæjar leyfum oss að mælast til þess, að háttvirt bæjarstjórn taki til meðferðar á ný tillögu Zimsens byggingarfulltrúa um framlenging Kirkjustrætis austur í Lækjargötu.
Er það ósk vor, að þessi framlenging götunnar verði framkvæmd við fyrstu hentugleika.

Reykjavík 16 Apríl 1907.

Virðingarfyllst

Bjarni Jónsson Laugaveg 18
Guðjón Magnússon Laugaveg 66
Sveinn Ingvarsson Laugaveg 46 A
Jörgen V. Benediktsson Björnaborg
Rögnvaldur Ólafsson, Hólavelli.
Sighvatur Bjarnason, Amtmannsstíg
Jens B. Waage
Þórður J. Thoroddsen
[illegible] Ólafsson
Franz Siemsen
Jakob Jónsson
Björn Símonarson
Kristján Sigurðsson
Gunnar Einarsson
[illegible] fyrir hönd Hjálpræðishersins
Guðjón Guðmundsson cand. agr.
Einar Arnórsson cand. jur.
Sigurður Sigurðsson, lyfjasveinn
Kristinn Jónsson — " —
H. Fugl cand. pharm
[illegible] ritstj.
Ágúst Sigurðsson prentari.
Jóhann Þorkelsson
Herbert Sigmundsson, prentari.
Ástráður Hannesson
Jón Brynjólfsson
Hannes Þorsteinsson
G. Björnsson
Guðm. Stefánsson
Ólafur Rósenkranz

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Rósenkranz
Halldór Gunnlögsson J. Einarsson
Jóhannes Hjerdal
Pétur Bjarnason
Kristinn Magnússon Aðalst. 18
Guðm. Einarsson Tjarnarg. 8.
H. Andersen L. Andersen
Árni Einarsson
Eiríkur Gíslason ... Þorst. Gíslason Ritst.
Árni Nikulásson, rakari
Þórður Jensson
Sigurður Sigurðsson
Einar Helgason
M. Einarsson
Stefán Pálsson
Eiríkur Bjarnason
Pálmi Pálsson
Jón Stefánsson
Guðmþórunn Halldórsdóttir
Jón Þórðarson
Júl. Árnason
Þorsteinn Sigurðsson Laugaveg 5.
Ben. S. Þórarinsson
Ólafur Hallsted
Andrés Bjarnason
Sigurgeir Torfason
Ámundi Árnason
Stefán Runólfsson, ritstj.
Guðmundur Jakobsson
Þorvarður Þorvarðsson
Þorsteinn Sveinbjarnarson
Guðm. Einarsson
H. J. Möller
G. Björnsson
Ólafur Eyvindsson
Einar Árnason
Guðmundur Jónsson Aðalst. 18
Jón Þorkelsson
Jón Valdason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vilhj. Ingvarsson
Indr. Einarsson
G. Olsen
Richard Torfason
Borgþór Jósefsson
E. Þorkelsson
Bjarni Jónsson smikkari frá Galtafelli
Jón Ólafsson
Jón Halldórsson
Kolbeinn Þorsteinsson
Loftur Sigurðsson
Benedikt Sveinsson.
Halldór Þórðarson
Hjörtur Hjartarson
Árni Jónsson, Laugaveg 37
Sigvaldi Bjarnason
Páll Hafliðason
Kristín Sigurðardóttir
Þorsteinn Gunnarsson
Þorkell Þorláksson
Magnús Th. Bl.
Magnús Vigfússon
Jakob Eyvindsson
Sir. B. Egilsson
M. Th. Jensen.
... Þórðarson
Guðm. Egilsson
Kristján Möller Ingólfsstr. 7
Páll Þorkelsson
Jón S. Elísson

Samtals 102 Nöfn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ke/14

Af tilviljun hefi jeg sjeð hinn síð-asta uppdrátt, er sýnir breytingar þær, sem á að gjöra í Pósthússtræti, og verð jeg fyrir mitt leiti að tjá hinni heiðruðu bæjarstjórn, að jeg er algjörlega mótfallinn plani þessu, því yrði það framkvæmt, þá yrði með því eyði-lögð fyrir mjer mjög dýr byggingarlóð, sem tilheyrir eign minni Lækjargötu nr. 10.

Í fyrra var tekin ræma norðan af lóð minni, til þess að breikka sundið milli lóðar minnar og Dr. Jónasens, eptir þessu nýja plani á að taka stóra spildu vestan af lóð minni c 200 □ álnir, og býst jeg við því að tekið verði ennþá norðan af henni að ári eða þá seinna til þess að breikka vesturendann á áðurnefndu sundi ennþá meir, og er þá búið að fara þannig með lóðina, að ekki er hægt að byggja á henni nema ef til vill smá-kumbalda, og hún þannig orðin sama sem einskis virði fyrir mig.

Ekki get jeg látið hjálíða að geta þess, að mjer finnst það harla einkennilegt, að þarsem mjer hafa verið sýnd hin fyrri plön, og jeg fyrir mitt leiti gengið að þeim, og þannig sýnt samnings-viðleitni mína, þá sje eins og þetta hafi átt að fara fyrir ofan garð og neðan hjá mjer, og svo á eptir því einungis að skerða eign mína, en ekki annara af neinum manni.

Jeg vona fastlega að hin háttvirta bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórn taki þessi mótmæli mín til greina.

Reykjavík, 15. apr. 1907.

Virðingarfyllst
Þorsteinn Tómasson
járnsmiður.

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur